

22. gr.

Nöfn þeirra, er ganga undir próf, skal rita í bók sem menntamálaráðuneytið löggildir og geymist í Stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers próftaka, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári og frá einkunnum þeim sem gefnar voru við prófið. Inn í hana skal færa skrifleg prófverkefni og yfir höfuð ýtarlega skýrslu um prófið. Skólastjóri sér um að prófbókin sé færð. Hún skal undirrituð af öllum sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófskirteinin undirritar skólastjóri einn.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sbr. og reglugerð nr. 259/1974, fyrir skólann, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 22 frá 14. febrúar 1967.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

29. október 1974.

Nr. 361.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Bolungarvík:

1. Þuriðarbraut er aðalbraut frá Þjóðveginum að Hólsárbrú.
2. Aðalstræti er aðalbraut frá Hólsárbrú að Hafnargötu.
3. Bifreiðastæði eru bönnuð meðfram norðurkanti Brimbrjótsgötu.
4. Bifreiðastæði eru bönnuð meðfram norðurkanti Vitastígs, milli Miðstrætis og Völusteinsstrætis.
5. Hámarkshraði er 45 km innan bæjarmarka.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Bolungarvík, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Bolungarvík, 29. október 1974.

25. nóvember 1974.

Nr. 362.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 51. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verið ákveðið að fenginni tillögu borgarráðs: